

Tillaga H-listans v byggingu íbúðarhúsnæðis í Ólafsfirði.

H listinn leggur hér fram eftirfarandi tillögu í þremur liðum.


- Að hafin verði vinna við að deiliskipuleggja svæðið norðan við hús eldri borgara í Ólafsfirði að Aðalgötu með það fyrir augum að byggja þar hentugt húsnæði, raðhús, á einni hæð.
- Einnig verði kannað hvort skynsamlegt geti verið að breyta núverandi deiliskipulagi við Bakkabyggð og Mararbyggð þannig að hægt verði að koma þar fyrir lóðum fyrir par- og raðhús og er aðallega horft til lóða norðan við göturnar. Engar skipulagðar lóðir eru fyrir par-eða raðhús í Ólafsfirði í dag.
- Að bæjarstjóra verði falið að hefja viðræður við leigufélögin Brák og Bríeti um aðkomu þeirra og kaupum á nýjum íbúðum í Ólafsfirði. Markmiðið er að framkvæmdir við verkefnið gætu hafist árið 2024.

Greinagerð

Þegar þetta er skrifað eru ekki nema 6 fasteignir til sölu í Ólafsfirði. Borið hefur á því að eldra fólk hafi verið í vandræðum með að finna sér hentugt húsnæði ef það hefur viljað minnka við sig eða að komast í íbúð með góðu aðgengi. (ein hæð) Einnig þarf að tryggja almenningi aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem er til eignar eða leigu. Á það ekki síst við um fyrstuíbúðar kaupendur, eldri íbúa, kaupendur, fatlað fólk og öryrkja.

Árið 2022 gerði Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri húsakönnun fyrir Fjallabyggð hjá 60 ára og eldri. Könnunin náði til 621 einstaklinga og svör fengust hjá 379. Ef við lítum á niðurstöðu tveggja spurninga úr könnuninni hér að neðan kemur þar fram að rúmmlega 46% aðspurðra gætu hugsað sér að selja núverandi húsnæði fyrir hentugra húsnæði. Örlítið fleiri eða tæp 49% sögðu já við spurningunni; gætir þú hugsað þér að selja eignina og flytja í nýrra húsnæði. Það má því leiða að því líkum að töluverð eftirspurn er í Fjallabyggð eftir hentugra og nýrra húsnæði.

Ég gæti vel hugsað mér að selja eignina fyrir hentugra húsnæði



Gætir þú hugsað þér að selja eignina og flytja í nýrra húsnæði?



Fyrir stuttu samþykkti Alþingi aðgerðaáætlun um þjónustu við eldra fólk fyrir árin 2023-2027, sem nefnist, Gott að eldast. Meginþungi aðgerða í aðgerðaáætluninni liggur í þróunarverkefnum sem snúast um að samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu fyrir eldra fólk og flétta saman þá þjónustu sem

ríkið sér annars vegar um og hins vegar sveitarfélögin. Þannig geti fólk búið lengur heima hjá sér og eftirspurn eftir hjúkrunarheimilum minnki. Þess ber að geta að verkefnið Hátindur 60+ í Fjallabyggð er fyllilega í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar um bættu þjónustu við eldra fólk; samþættingu þjónustu, virkni, þróun og nýsköpun sem nýtist til framtíðar. Einn liður í þessu er að í Fjallabyggð sé nútímalegt og hentugt húsnæði fyrir þennan hóp.

Nýlega hófust framkvæmdir á gamla malarvellinum á Siglufirði við gatnagerð en þar er gert ráð fyrir að reisa allt að 27 íbúðir og er það virkilega mikilvægur og ánægjulegur áfangi í uppbyggingu nýs íbúðahúsnæðis í Fjallabyggð. Þar hafa hafa íbúðafélögin Bjarg og Brák staðfest kaup á 10 íbúðum sem fara á leigumarkað. Íbúðir Bjargs íbúðafélags eru fyrir fjölskyldur og einstaklinga á vinnumarkaði sem eru undir ákveðnum tekju- og eignamörkum en Brák er fyrir tekjulægri einstaklinga.

Næsta skref er að hefja byggingu á íbúðarhúsnæði í Ólafsfirði í samvinnu við ofangreind leigufélög, Fjallabyggð og verktaka. Það er líka í takt við húsnæðisáætlun stjórnvalda að auka möguleika fólks á að eignast eða leigja húsnæði á viðráðanlegum kjörum.

F.h. H-listans í Fjallabyggð

Helgi Jóhannsson
Þorgeir Bjarnason